



519. fundur stjórnar SASS

haldinn í Félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli

föstudaginn 5. maí 2017, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Nielsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Sæmundur Helgason og Ágúst Sigurðsson. Trausti Hjaltason tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Unnur Þormóðsdóttir og Páll Marvin Jónsson forfölluðust. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Loks komu á fundinn fulltrúar sveitarstjórnar Rangárþings eystra, þ.e. Ísólfrur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, Benedikt Benediktsson og Birkir A. Tómasson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í sveitarfélaginu Rangárþingi eystra.

Heimsókn til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

Lilja og Ísólfrur Gylfi, tóku undir orð formannsins og fögnuðu því að stjórnarfundur SASS væri haldinn í Félagsheimilinu Hvoli. Þau voru með áhugaverða og fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Þau og aðrir fulltrúar í sveitarstjórn svöruðu framkomnum spurningum og umræður voru um málefni sveitarfélagsins og samtakanna.

1. Fundargerð

Fundargerð 518. fundar undirrituð.

2. Fjármálaáætlun ríkisins 2018 - 2022

Formaður sagði frá fundi sem hann og Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, áttu með fjárlaganefnd Alþingis í lok apríl sl. Á fundinum var farið yfir fjármálaáætlun ríkisins 2018 – 2022.

Stjórn SASS gerir athugasemd við hversu stuttan fyrirvara hún fékk til að undirbúa gögn fyrir fundinn með fjárlaganefnd ekki síst í því ljósi að um langtímaáætlun er að ræða.

3. Ungmennaráð Suðurlands

Sæmundur kynnti málið en lokafundur undirbúningshóps Ungmennráðs Suðurlands var haldinn í gær.

Öll sveitarfélögin á Suðurlandi hafi tilnefnt tvo fulltrúa í Ungmennaráð Suðurlands, aðal- og varamann. Erindisbréf var sent ungmennaráðum og þau hafa staðfest það fyrir sitt leyti en áður hafði stjórn SASS staðfest það.

Gerð er tillaga um að fulltrúar í Ungmennaráði fái greitt fyrir nefndarfundum líkt og gildir um önnur nefndarstörf á vegum SASS, þ.e. af þingfarakaupi skuli almennir fulltrúar fá greitt 2,1% og formaður 2,8%. Hópurinn leggur jafnframt til að ráðið haldi fund 30. maí nk. og hitti síðan stjórn SASS á stjórnarfundum daginn eftir.

Stjórn samþykkti framangreint en vill bæta við í erindisbréfið að fulltrúar hópsins komi á ársþing samtakanna og geri grein fyrir starfinu á undangengnu ári.

Stjórn samþykkti jafnframt að skipa tvo aðalfulltrúa og tvo varafulltrúa til að vinna með Ungmennaráðinu:

Aðalfulltrúar:

- Gunnar E. Sigurbjörnsson, Árborg
- Gerður Dýrfjörð, Grímsnes- og Grafningshreppi

Varafulltrúar:

- Ólafur Örn Oddsson, Hvolsvelli
- Herdís Ingólfssdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði

Stjórn samþykkir að leggja til við ársþing SASS að framvegis verji samtökin árlega 1,2 m.kr. til reksturs Ungmennaráðs Suðurlands.

4. Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður kynnti að Sandra Dís hefði vegna anna sagt sig frá setu í verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands. Formaður lagði til að Unnur Þormóðsdóttir yrði skipuð í hennar stað. Hann lagði jafnframt til að hún yrði formaður verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands. Stjórn samþykkir tillögu formanns og þakkar Söndru Dís fyrir gott starf.

Formaður kynnti að ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála hefði ákveðið að auka fjármuni til Sóknaráætlana á þessu ári um 100 m.kr. og af því koma til Suðurlands um 16,4 m.kr.

Varðandi framhaldið eru þrjár leiðir eða sambland af þeim færar; hækka fjárframlög til þegar samþykktu áhersluverkefna, tekin verði ákvörðun um ný áhersluverkefni eða auka við fjármagn til seinni úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands á yfirstandandi ári.

Stjórn leggur til við verkefnisstjórn Sóknaráætlunar Suðurlands að samblands leiðin verði farin og að auknum fjármunum verði varið í innviðagreiningu, samgöngumál, orkunýtingarmál og til úthlutunar í Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

5. Tekjuöflun og –skipting sveitarfélaga af ferðapjónustu

Formaður kynnti skýrslu starfshópsins en hana er að finna á heimasíðu SASS.

Stjórn þakkar starfshópnum fyrir greinargóða skýrslu og leggur til að hann starfi áfram og að kallað verði til málþings um málefnið í byrjun september nk. Ljóst er að hugmyndir um breytingu á virðisaukaskattspæpi myndu hafa áhrif á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna.

6. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi

Tillaga til þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021, 434. mál.

Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**a) Greining á áhuga, þörf og eftirspurn fyrir fjarnámi á Suðurlandi**

Formaður sagði frá könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann með SASS og Háskólafélagi Suðurlands meðal íbúa og atvinnulífs í landshlutanum en þetta er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands. Greiningin gekk út á að kanna áhuga, þörf og eftirspurn fyrir fjarnámi á háskólastigi. Efnt verður til opins fundar á Hótel Selfossi 11. maí nk. kl. 14:15 en þar munu fulltrúar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands kynna niðurstöðurnar. Fundurinn verður sendur út á YouTube rás og hann verður tekinn upp þannig að þeir sem hafa ekki tæk á að mæta í eigin persónu geti horft á kynninguna í beinni útsendingu eða horft á hana síðar. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu SASS.

b) Erindisbréf samgöngunefndar

Sæmundur formaður nýstofnaðar samgöngunefndar gerði grein fyrir fundi nefndarinnar sem haldinn var fyrr í dag. Hann kynnti jafnframt drög að erindsbréf nefndarinnar. Eftir umræður og breytingar á fyrirliggjandi drögum samþykkir stjórn erindisbréfið.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 31. maí nk. að Austurvegi 56 á Selfossi og fyrsti fundur eftir sumarleyfi verður haldinn 18. ágúst á Laugalandi.

Fundi slitið kl. 14:45.

Gunnar Þorgeirsson
Lilja Einarsdóttir
Eva Björk Harðardóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Trausti Hjaltason
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson